

Ræktunarmarkmið fyrir íslenska hrossakynið.

Almenn ræktunarmarkmið

Heilbrigði, frjósemi, ending

Hið opinbera ræktunartakmark miðar að því að rækta heilbrigðan, frjósaman og endingargóðan hest – hraustan íslenskan hest.

Litir

Hið opinbera ræktunartakmark er að viðhalda öllum mögulegum litaafbrigðum innan stofnsins.

Stærð

Hið opinbera ræktunartakmark gefur færi á allmiklum breytileika hvað varðar stærð hrossanna. Almenn er talið að heppileg stærð sé á bilinu 135 til 145 cm á hæstar herðar mælt á stöng.

Sérstök ræktunarmarkmið

Sköpulag almennt

Almennt er stefnt að því að rækta hina léttbyggðari gerð íslenska hestsins með mikilli áherslu á styrk, skrokkmýkt og vöðvastætla líkamsbyggingu. Sköpulagið á að stuðla að mikilli ganghæfni og eðlisgóðum höfuðburði og á sama tíma að taka mið af almennt viðurkenndum fagurfræðilegum þáttum.

Sköpulag nánar

Vísað til einkunnarinnar 10 fyrir eiginleikana; höfuð, háls, herðar og bóga, bak og lend, samræmi, fótagerð, réttleika, hófa, þrúðleika á fax og tagl.

Reiðhestshæfileikar almennt

Almennt er stefnt að því að rækta fjölhæfan, taktfastan og öruggan, viljugan og geðþrúðan hest sem fer glæsilega í reið - hinn íslenska gæðing.

Reiðhestshæfileikar nánar

Vísað til lýsingar á einkunninni 10 fyrir eiginleikana tölt, brokk, skeið, stökk, vilja og geðslag, fegurð í reið, fet.

Vægi einstakra eiginleika:

Sköpulag		Reiðhestshæfileikar	
Höfuð	3%	Tölt	15%
Háls, herðar og bógar	10%	Brokk	7,5%
Bak og lend	3%	Skeið	10%
Samræmi	7,5%	Stökk	4,5%
Fótagerð	6%	Vilji og geðslag	9%
Réttleiki	3%	Fegurð í reið	10%
Hófar	6%	Fet	4%
Þrúðleiki	1,5%		
Samtals:	40%		60%